

# MÁLEFNAHANDBÓK



# Efnisyfirlit

- 4** Heilbrigðismál  
Ríkisvaldið fjármagni heilbrigðisþjónustuna • Kostir einkaframtafs nýttir  
Sjúkratryggð tannlæknaþjónusta • Heimaþjónusta og heimahjúkrun efla  
Íþrótt- og æskulýðsmál
- 6** Landbúnaðarmál  
Orsakir vandans í landbúnaði • Staða landbúnaðar • Styrkjum  
landbúnaðinn á nýjum forsendum • Fjölskylduvænn landbúnaður með  
byggða- og búsetustyrkjum
- 9** Markaðsbúskapur  
Alþjóðaviðskipti • Vaxtamál • Skuldsetning þjóðarinnar • Neytendamál  
Ný tækni • Áhrif stórra hagsmunasamtaka • Sjálfstæði og fjármál  
stjórnmalaflokka • Náttúruauðlindir eru þjóðarinnar
- 13** Menning og trú  
Skapandi menningarlíf • Ríki og kirkja aðskilin
- 14** Menntun  
Leikskólastigið • Grunnskólastigið • Framhaldsskólastigið • Háskólastigið  
Lánasjóður íslenskra námsmanna • Tónlistarskólar
- 18** Sjávarútvegsmál  
Strandveiðiflotann í sóknarkerfi • Aðgreina flotann í fjóra útgerðarflokka  
Fjárhagslegur aðskilnaður veiða og vinnslu • Hvalveiðar
- 23** Samgöngur og kjördæmi  
Samgöngur • Kjördæmaskipan
- 24** Stjórnsýsla og réttaröryggi  
Opnari og einfaldari stjórnsýsla • Persónuvernd • Réttur einstaklingsins til  
frelsis • Forvarnargildi löggæslu • Barátta gegn fíkniefnum • Samgöngur  
Kjördæmaskipan
- 26** Umhverfismál  
Óbyggðir • Vistvæn umhverfisstefna • Hafid • Lofthjúpurinn • Landvernd  
Ferðaþjónusta
- 29** Utanríkismál  
Alþjóðlegt samstarf • Ísland og Evrópa • Ísland og Norðurlöndin  
Varnarmál • Sameinuðu þjóðirnar • Þróunaraðstoð
- 32** Velferð og mannréttindi  
Börn og réttindi þeirra • Eldra fólk • Félagsmál • Innflytjendur og  
flóttafólk • Jafn réttur karla og kvenna • Málefni fatlaðra og öryrkja  
Mannréttindi • Táknmál • Velferðar- og skattamál • Mannréttindi

Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður 26. nóvember 1998.  
Síðan þá hefur flokkurinn vaxið og sett mark sitt á íslenska  
stjórn málaumræðu

Í þessari málefnahandbók eru megináherslur Frjálslynda flokksins  
kynntar á aðgengilegan hátt, og í stuttum texta, svo ekki ber að líta  
á handbókina sem tæmandi úttekt á stefnu flokksins

Við hvetjum fólk einnig til að kynna sér þingmál  
Frjálslynda flokksins, þau segja mjög mikið um áherslur  
og stefnu þingflokks

Á heimasíðu flokksins, **www.xf.is**, er einnig að finna mikinn  
fróðleik, því þar er fjöldi greina ásamt fréttum af  
stjórn málastarfinu hverju sinni

Einnig er rétt að benda á sérstaka heimasíðu flokksins með  
málefnum borgar- og sveitarstjórna: **www.f-listinn.is**

Skrifstofur þingflokks á Alþingi, s. 563-0500, fax 563-0780  
Skrifstofa Frjálslynda flokksins, Aðalstræti 9, Reykjavík, s. 552-2600  
Netfang: **xf@xf.is**



## MANNGILDID Í FYRIRRÚMI

Virðing fyrir einstaklingnum og fjölbreytileika mannlífsins.

Frjálslyndi flokkurinn vill tryggja réttindi einstaklinganna og frelsi þeirra til að velja svo framarlega sem það verður ekki öðrum til tjóns.

Fólki líður best þegar það býr við frelsi samhliða kröfum um að það beri ábyrgð á gerðum sínum. Fólki ber að taka ábyrgð á eigin lífi. Það hefur einnig ábyrgðarskyldu gagnvart öðrum manneskjum og þjóðfélaginu sem það lifir í.

Frumskilyrði fyrir sköpun góðs samfélags er að einstaklingarnir finni til persónulegrar ábyrgðar til að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins. Tryggja ber einstaklingum eins mikið frelsi og hægt er til að þeir geti skapað sjálfum sér sem best lífsskilyrði. Þannig skapast verðmæti sem koma þjóðfélaginu til góða.

Það er engin þversögn fólgin í því að tala um frelsi einstaklingsins samfara velferð þjóðfélagsheildarinnar. Sterkustu þjóðfélögin eru þar sem fólkið kemur saman af fúsum og frjálsum vilja til að leysa verkefni eða sinna áhugamálum. Þeim sem spjara sig sjálfir ber siðferðisleg skylda til að hjálpa þeim sem halloka standa í samfélaginu. Bæði með frjálsum framlögum og fyrir tilstilli hins opinbera.

Frjálslyndi flokkurinn berst fyrir samfélagi sem einkennist af umburðarlyndi, réttlæti og jafnræði, þar sem frjálsir þjóðfélagsþegnar eru virkir þátttakendur og bera ábyrgð á sjálfum sér og samfélaginu. Við trúum því að hægt sé að skapa réttlátara samfélag þar sem auðlindum landsmanna er skipt þeirra á meðal með sanngjarnari hætti en nú er.

Kjarni frjálslyndrar stjórnámálastefnu er að hver einstaklingur viðurkenni rétt annarra einstaklinga til frjálsrar hugsunar, trúar, tjáningar og frelsis til að kjósa sér eigin lífstíl. Þetta þýðir ekki að frjálslynd stjórnámálastefna einkennist af stefnuleysi. Frjálslynt fólk berst fyrir því að þeir sem hafa ákveðnar skoðanir standi fyrir þeim, en að þeir verji jafnframt rétt annarra til að hafa aðrar skoðanir.





# Heilbrigðismál

- ✘ Grundvallaratriði er að allir landsmenn eigi sama rétt til heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og efnahag
- ✘ Forvarnastarf á heilbrigðissviði verði eftt og fræðsla aukin um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti
- ✘ Almennungi verði tryggður sami réttur til tannlæknaþjónustu og annarrar heilbrigðisþjónustu
- ✘ Málefni geðfatlaðra og annarra öryrkja fái aukið vægi með fjölgun úrræða og bættri þjónustu með áherslu á að þeir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu
- ✘ Aldraðir geti valið um stuðning í heimahúsum eða dvöl í vernduðu umhverfi
- ✘ Kostnaðareftirlit verði eftt varðandi lyfjakostnað í heilbrigðisþjónustu og þátttöku almennings í lyfjakaupum
- ✘ Rannsóknar- og þróunarstarf verði eftt og kannaðir möguleikar á því að einhverjir þættir heilbrigðisþjónustu verði markaðsvara og atvinnuskapandi almennt og á alþjóðavísu, þ.e. aukin sjálfbærni heilbrigðiskerfis án þess að minnka samtrygginguna
- ✘ Aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu eftir sjúkdóma eða slys með það að markmiði að færni hvers einstaklings nýtist honum og þjóðfélaginu sem best
- ✘ Fjölskyldur langveikra barna fái sérstakan stuðning með þátttöku í kostnaði og atvinnutapi

## RÍKISVALDIÐ FJÁRMAGNI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNA – RÉTTUR ALLRA TRYGGÐUR

Tryggja þarf öllum landsmönnum rétt til að njóta bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni. Ríkisvaldið sjái um fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar og leiti leiða til að nýta það fjármagn sem best m.a. með eflingu forvarna og endurhæfingar, til að sem flestir landsmenn geti verið virkir þátttakendur í þjóð-



# Heilbrigðismál

félaginu. Í því sambandi má nefna sérstaklega aukinn stuðning við geðfatlaða, þar sem pottur virðist víða brotinn í þeirra málum.

## KOSTIR EINKAFRAMTAKS NÝTTIR

Nýta þarf kosti einkaframtaks í heilbrigðisþjónustunni þar sem því verður við komið til að fjármunir almennings nýtist sem best. Það á ekki við um rekstur hátækni sjúkrahúsa að mati Frjálslynda flokksins.

## SJÚKRATRYGGÐ TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

Auka þarf rétt almennings til niðurgreiddrar tannlæknaþjónustu og stefna að því að almenningur njóti sjúkratrygginga til greiðslu fyrir tannlæknaþjónustu þar sem í gildi verði samningar milli tannlækna og Tryggingastofnunar. Frjáls verðlagning á ekki við um tannlæknaþjónustu.

## HEIMAÞJÓNUSTA OG HEIMAHJÚKRUN EFLD

Lögð er áhersla á eflingu heimaþjónustu fyrir aldraða og uppbyggingu heimahjúkrunar, þar sem brýnast er að bæta úr óviðunandi ástandi á höfuðborgarsvæðinu.

Nærþjónusta og frumheilsugæsla verði á vegum sveitarfélaga. Marka þarf sveitarfélögum nýja tekjustofna til að mæta auknum verkefnum og kostnaði.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála verði skilgreind á þann veg að þeim sé ekki blandað saman við núverandi félagsþjónustu.

## ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á að efla þátttöku ungs fólks í íþrótt- og tómstundastarfi og efla æskulýðsrannsóknir og forvarnir. Einnig viljum við efla menntun og þjálfun leiðbeinenda í æskulýðsstarfi. Holl tómstundaiðja er bæði heilsusamleg og fyrirbyggjandi.

Stefna ber að áætlanagerð til lengri tíma varðandi íþrótt- og æskulýðsstarf.

Sjá enn fremur kaflann *Velferð og mannréttindi*.



- Stuðningur fyrir aldraða í heimahúsum
- Niðurgreidd tannlæknaþjónusta
- Efla rannsóknar- og þróunarstarf
- Aukinn stuðningur við geðfatlaða

# Landbúnaðarmál

- ✘ Landbúnaður er og verður grundvöllur byggðar í sveitum landsins
- ✘ Breyta þarf núverandi forsendum landbúnaðar svo nýir möguleikar skapist í greininni
- ✘ Einstaklingsfrelsi til athafna þarf að fá að njóta sín í þessari atvinnugrein sem öðrum
- ✘ Gefa þarf íslenskum landbúnaði tækifæri til að sanna sig í samkeppni við erlenda framleiðslu
- ✘ Stuðla þarf að aukinni markaðssetningu erlendis
- ✘ Snúa þarf neikvæðri þróun við með því að taka á þáttum sem eru atvinnugreininni fjötur um fót. Gera skal öllum greinum landbúnaðar sem byggja á landnytjum jafn hátt undir höfði

## ORSAKIR VANDANS Í LANDBÚNAÐI

Framseljanleg framleiðsluréttindi hafa sett fjárfestingar í sveitum landsins í upp-  
nám og hamlað eðlilegri þróun.

Framkvæmd niðurgreiðslna sem er stór útgjaldaliður fyrir ríkið, hefur skapað  
neikvæða ímynd af íslenskum landbúnaði.

Athafnafrelsi bænda er fast í viðjum laga og reglna sem á engan hátt standast  
samanburð við aðrar iðnaðar- og framleiðslugreinar.



# Landbúnaðarmál

## STAÐA LANDBÚNAÐAR

Landbúnaður á undir högg að sækja sem frjáls atvinnugrein þó svo að sjaldan hafi tæknilegar forsendur verið betri fyrir landbúnað á Íslandi. Iðnaður og þjónusta tengd landbúnaði eru í senn bæði forsenda fyrir og afleiðing af góðum skilyrðum til landbúnaðar.

Nýting á eldri fjárfestingum ríkisins í formi styrkja til jarðabóta, húsbygginga og samgöngumála fer forgörðum ef ekki verður breyting á. Bændum hefur fækkað jafnt og þétt og sífellt fleiri jarðir fara í eyði.

Tilraunir stjórnvalda til að aðstoða bændur við framleiðslu sína og við að stöðva fólksflóttu úr sveitum með því að gefa bændum framleiðslurétt og síðar framseljanlegan rétt, hafa misheppnast. Grunnstöðunum er kippt undan rekstri úrvinnslu, þjónustu og verslunar af því undirstöðupáttur samfélagsins er seldur burt af svæðinu.

## STYRKJUM LANDBÚNAÐINN Á NÝJUM FORSENDUM

Styrkjum í landbúnaði þarf að breyta, m.a. með upptöku fjölskylduvænna búsetustyrkja. Nýtt styrkjafyrirkomulag þarf að falla að alþjóðakröfum um lækkun á framleiðslu- og markaðstengdum styrkjum.

Taka ber upp búsetustyrki og takmarkaða framleiðslustyrki, með það að markmiði að efla sveitir landsins á ný og láta reyna á það hvort búskapur á Íslandi geti staðið undir sér án beinna afskipta opinberra yfirvalda af framleiðslunni.

Frelsi manna til atvinnu er einn af hornsteinum þess samfélags sem við viljum byggja. Einkaréttur til atvinnu eða framleiðslu stríðir gegn hugmyndum



- Landbúnaður er grundvöllur byggðar í sveitum landsins
- Stuðla að aukinni markaðssetningu erlendis
- Rjúfa þarf vítahring byggðahruns á landsbyggðinni
- Styrkt verði framleiðsla sem tilkomin er vegna landnýtingar



# Landbúnaðarmál

Frjálslynda flokksins. Hvatinn til að standa sig byggist á því að menn taki ábyrgð á framleiðslu sinni og fái jafnframt notið afraksturs góðs rekstrar.

Framleiðslufrelsi mun til framtíðar skapa mörg þjónustustörf og þjappa mönnum saman í keppni við að framleiða úrvals vöru fyrir neytendur.

Frjálslyndi flokkurinn vill efla trú og traust þjóðarinnar á íslenskan landbúnað, sem keppt geti í framtíðinni á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

## FJÖLSKYLDUVÆNN LANDBÚNAÐUR MEÐ BYGGÐA- OG BÚSETUSTYRKJUM

Sett verði lög sem heimila ríkisstjórn að leggja fjármuni til bænda til að styrkja byggð.

Styrkir verði veittir til einyrkja (fjölskyldna), en samyrkjubú og hlutafélög verði skilgreind sem ígildi fjölda einyrkja. Aðeins þeir njóti styrkja sem eiga lögheimili á styrktri jörð og hafa aðsetur þar.

Styrkt verði framleiðsla sem tilkomin er vegna landnýtingar. Hirðing hlunninda verði undanskilin styrkveitingum, enda er viðhald þeirra án útgjalda af hálfu notanda, þó svo kostnaður sé af nýtingu.

Styrkir verði annarsvegar búsetustyrkir sem taki mið af fjölskyldustærð og búsetustað, og hinsvegar framleiðslustyrkir sem taki mið af árangri framleiðenda við að framleiða markaðshæfa vöru. Tekið verði tillit til þess hvað milliríkjasamningar leyfa og sett verði þak á mögulegan heildarstyrk bús. Um er að ræða hefðbundnar tegundir búfjárhalds, en einnig grænmetisræktun, kartöflurækt og aðrar þær tilraunir til nýsköpunar við nýtingu lands sem bændur kunna að fást við. Skógrækt er undanskilin frá þessum styrkveitingum, enda gilda um hana sérlög og langtímasamningar við bændur og landeigendur. Fyrirkomulag skógræktar þarf að endurskoða og þá samninga sem gerðir eru við bændur.



# Markaðsbúskapur

Frjálslyndi flokkurinn aðhyllist athafnafrelsi og frelsi í viðskiptum, enda undirstöðuatriði í framfarasókn þjóðarinnar. Hvers konar einokun verði aflétt.

Afskipti hins opinbera af hinum frjálsa markaði skulu vera í algeru lágmarki, og beinast að því að mynda skilyrði og reglur sem hvetja til frjálsrar samkeppni og einkaframtaks.

Frjálslyndi flokkurinn vill stuðla að því að ríkisfjármál verði rekin í jafnvægi frá ári til árs. Áhersla skal lögð á að lækka erlendar skuldir svo byrðunum verði ekki velt yfir á komandi kynslóðir. Efnahagsstefna stjórnvalda á hverjum tíma á að hafa fjóra hornsteina til viðmiðunar: stöðugleika í ríkisfjármálum, lága vexti, lága verðbólgu og stöðugleika í gjaldeyrismálum.

Frjálslyndi flokkurinn vill vinna að lækkun skatta þar sem þeir njóti forgangs sem minnst mega sín. Skattkerfið á að vera einfalt og gegnsætt þar sem komið er í veg fyrir skattþíningu barnafjölskyldna og lágtekjufólks. Stefna ber að því að hækka persónuafslátt og skattleysismörk. Lækka má neysluskatta á nauðsynjavörum.

Það á að borga sig fyrir fólk að vilja vinna og afla sér tekna. Það örvar einkaframtakið og eykur sjálfstæði þegnanna.

## ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI

Ísland er staðsett á milli þróuðustu markaða heimsins, Evrópu og Ameríku og með góðar samgöngur í báðar áttir og góð viðskiptasambönd í Asíu.

Tækniþekking okkar og reynsla af alþjóðaviðskiptum opnar möguleika til aukinna alþjóðaviðskipta. Ísland á möguleika sem alþjóðleg fjármálamiðstöð svo og frumkvæði í þróun á nýjum orkugjafa eins og vetni. Mikil alþjóðatenging, útrás fyrirtækja og einstaklinga og góðar samgöngur opna tækifæri til að nota sérþekkingu okkar til útflutnings.

Áhersla á íslenskt hugvit, hönnun, menntun og markaðsmál gefa kost á að nýta möguleika og viðskipti við aðrar þjóðir til framleiðslu og sölu okkar afurða. Þannig seljum við vörur og hugvit um víða veröld.

Meðan Ísland stendur utan ESB getum við haft markaðslegt sjálfstæði og frumkvæði í viðskiptum milli markaðs- og tollasvæða.

- Hvetja til frjálsrar samkeppni og einkaframtaks
- Lækka má neysluskatta á nauðsynjavörum
- Aukin alþjóðaviðskipti
- Veita nýtækni forgang

# Markaðsbúskapur

## VAXTAMÁL

Á Íslandi eru vextir tvisvar til fjórum sinnum hærri en þeir vextir sem bjóðast í nálægum löndum.

Mikill vaxta- og verðtryggingarkostnaður nær til einstaklinga sem og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Stóru fyrirtækin eru komin með viðskipti erlendis og fá þess vegna lægri vexti bæði innanlands og utan. Erlend samkeppni lækkar vextina fyrir stóru fyrirtækin og veitir þeim samkeppnisforskot innanlands.

Litlu fyrirtækin og einstaklingarnir eiga ekki jafnan aðgang að viðskiptum við erlendar lánastofnanir.

Virkaasti möguleikinn á vaxtalækkun til minni fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi er að koma á sambandi við erlendan banka sem lánar inn á íslenskt svæði milliliðalaust. Bein erlend samkeppni á bankamarkaði virðist eina svarið við vaxtaokri lánastofnana.

Lækkum vexti og fjármagnskostnað og afnemunum verðtryggingu af lánum.

## SKULDSETNING ÞJÓÐARINNAR

Frjálslyndi flokkurinn lýsir yfir miklum áhyggjum af skuldastöðu þjóðarbúsins og skuldsetningu heimilanna. Einnig er varað við gegndarlausri skuldsetningu sjávarútvegsins sem að meginhluta til byggir á veðsetningu á óveiddum fiskinum í sjónum.



# Markaðsbúskapur

## NEYTENDAMÁL

### Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur eftirfarandi:

- lágu vöruverði til neytenda og afurðaverði sem tryggir viðunandi afkomu framleiðenda kjöts og grænmetis og styrki þannig byggð í landinu
- hlustunarskilyrði Ríkisútvarps nái yfir allt landið og miðin
- sölu léttvins og bjórs í verslunum að uppfylltum skilyrðum um geymslu og sölu
- verðkönnunum og að vel sé fylgst með vörugæðum
- lækkun ávaxta- og grænmetisverðs
- lægra fiskverði til neytenda

## NÝ TÆKNI

Aukið frelsi í viðskiptum á alþjóðlegum mörkuðum mun í náninni framtíð leiða til stöðugt aukinnar samkeppni ný-iðnvæddra þjóða við vestrænar þjóðir á borð við Ísland. Um leið munu opnast nýir möguleikar fyrir Íslendinga á nýjum mörkuðum.

Þróun og rannsóknur á nýttækni ber að veita forgang. Frjálslyndi flokkurinn vill að áttak verði gert í nýsköpun innan íslensks hátækniidnaðar, þar sem hið opinbera komi að menntun, rannsóknum og þróunarvinnu. Markmið slíkrar vinnu skal vera að bæta samkeppnisaðstöðu Íslands á erlendum mörkuðum og auka vöxt hátækniidnaðar hér á landi með það fyrir augum að skapa ný störf.

Einnig er mikilvægt að Ísland verði áfram í fremstu röð þegar um er að ræða fjarskiptatækni. Mikilvægt er að tryggja öllum íbúum landsins sem jafnastan aðgang að fullkornustu fjarskiptatækni sem völ er á hverju sinni.

Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á að tryggja jafnræði þegnanna varðandi fjarskipti og jöfn samkeppnisskilyrði fjarskiptafyrirtækja.

Æskilegt er að efla samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði.





# Markaðsbúskapur

## ÁHRIF STÓRRA HAGSMUNASAMTAKA

Stærstu samtök atvinnurekenda og verkalýðs hafa mikil áhrif á stefnu stjórnvalda. Mikilvægt er að leita einnig álits félaga og einstaklinga utan heildarsamtaka við ákvarðanatöku um málefni og áður en löggjöf er sett. Frjálslyndi flokkurinn vill gæta réttar einstaklingsins til skoðana og félagafrelsis.

## SJÁLFSTÆÐI OG FJÁRMÁL STJÓRNMÁLAFLOKKA

Stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi njóta mikilla forréttinda í íslensku þjóðfélagi. Flokkarnir ráða sjálfir hverjir eiga að vera fulltrúar þeirra í kosningaframboði, og þeir fá árlega styrki frá ríkinu til starfsemi sinnar. Ef flokkarnir eiga að vera verðugir forréttinda sinna í þjóðfélaginu, þá er mjög mikilvægt að enginn vafi leiki á að þeir séu óháður vettvangur fyrir skoðanaskipti borgaranna, en ekki verkfæri félagasamtaka eða fyrirtækja sem styðja þá með fjárgjöfum eða á annan hátt. Þess vegna vill Frjálslyndi flokkurinn að bókhald stjórnmálaflokka sé opið. Frjálslyndi flokkurinn hefur haft opið bókhald frá upphafi.

## NÁTTÚRUAUÐLINDIR ERU ÞJÓÐARINNAR

Frjálslyndi flokkurinn aðhyllist dreifða eignaraðild og hafnar því að nýtingaréttur á sameiginlegum náttúruauðlindum sem mynda grunninn að efnahag þjóðarinnar, sé skilgreindur sem einkaeign, enda leiðir slíkt fyrirkomulag til óréttlætis, fákeppni og einokunar.



# Menning og trú

## SKAPANDI MENNINGARLÍF OG FJÖLMENNING

Öflug menning auðgar hið hversdagslega líf. Fjölbreytt og skapandi menningarlíf er ómissandi þáttur í frjálslyndu þjóðfélagi.

Frjálslyndi flokkurinn telur það verðugt markmið að menningarmálum sé hátt- að þannig að menningarlíf megi blómstra sem víðast um landið þannig að sem flestir þegnar megi njóta menningarviðburða.

Eðlilegt er að ríkið komi að menningarmálum til að mynda með því að leggja til húsnæði undir menningarstarfsemi og með styrkjum. Frjálslyndi flokkurinn styður eflingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Leggja ber aukna áherslu á að nemendur skóla geti notið menningarviðburða á viðráðanlegu verði.

Íslenskt samfélag er að breytast í fjölmenningsþjóðfélag enda fjölgar ört Íslendingum af erlendum uppruna. Um leið og unnið er vel að því að aðfluttir finni sér hlutverk, aðlagist og kynnist menningu þjóðarinnar og hefðum, ber að fagna öllu því sem auðgað getur samfélagið.

## MÁLSTEFNA

Mikilvægt er að opinberri málstefnu sé fylgt eftir á jákvæðum og hvetjandi forsendum þannig að hún leiðbeini fólki, hún má ekki einkennast af einstrengingslegri málvöndun eða fordómum gegn þeim sem af einhverjum orsökum þykja ekki tala vandað mál.

Frjálslyndi flokkurinn vill efla ríkisfjölmiðlana til styrktar móðurmáli og menningu, en bægja frá þeim drottunargirni ríkisvalds á hverjum tíma.

## RÍKI OG KIRKJA AÐSKILIN

Frjálslyndi flokkurinn telur að það sé einkamál hvers og eins hvaða trú eða lífssýn hann eða hún aðhyllist. Aðskilja ber ríki og kirkju. Opinberar stofnanir eiga að vera opnar öllum, óháð trú þeirra eða lífssýn.



# Menntun

- ✘ Grundvallaratriði í menntastefnu Frjálslynda flokksins er óhindraður aðgangur allra að menntun án tillits til efnahags og búsetu. Hátt menntastig er besta fjárfesting íslensku þjóðarinnar til framtíðar og effir framgang frelsis, upplýstrar umræðu, fordómaleysis og lýðræðis
- ✘ Menntun og rannsóknir eiga að njóta forgangs í íslensku þjóðfélagi. Íslendingar effi rannsóknar- og þróunarstarf og verði í fremstu röð í notkun tækni. Þjóðin taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í þágu menntunar og nýti sér m.a. þá styrkjamöguleika sem bjóðast með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til rannsóknar- og þróunarstarfa
- ✘ Lögð verði áhersla á að bæta aðgang að framhaldsnámi og símenntun með aukinni áherslu á fjarnám. Einnig verði lögð áhersla á gott aðgengi allra að símenntun og fjarnámi. Það gerir fólki kleift að endurnýja og aðlaga þekkingu sína að nýjum aðstæðum, flytja sig milli starfa og skapa ný störf
- ✘ Kannað verði hvort æskilegt sé að breyta samsetningu náms á öllum skólastigum og námsferli verði endurskoðað frá leikskóla til háskóla með áherslu á samfellu í námi
- ✘ Gæðakröfur til skóla á öllum skólastigum lúti viðurkenndum viðmiðunum og innra starf skóla lúti innra og ytra mati eftirlitsaðila
- ✘ Fyrirtæki verði hvött til fjárframlaga til skóla með því að gera framlögin frádráttarbær
- ✘ Leita skal leiða til að efla tengsl atvinnulífs og skóla



## LEIKSKÓLASTIGIÐ

- Leikskólinn er skv. lögum fyrsta skólastigið og því skulu öll börn hafa jöfn tækifæri til að sækja leikskóla.
- Leikskólastigið verði eftt og skólavist síðasta árgangs leikskólabarna (fimm ára börnin) gerð gjaldfrjáls. Stefnt skal að gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum.
- Efla samvinnu milli leik- og grunnskóla og að nám fimm og sex ára barna myndi samfella milli skólastiga.
- Efla skólaakstur á landsbyggðinni til að koma til móts við þarfir landsbyggðarfólks samfara þessu.

## GRUNNSKÓLASTIGIÐ

- Grunnskólastigið verði styrkt með því að tryggja sveitarfélögum fjármagn til þess að standa undir lögbundinni þjónustu og til þess að efla innra starf skólanna, þróunarstarf og nýsköpun í skólastarfi.
  - Styrkari grundvöll fyrir fag- og rekstrarlegt sjálfstæði grunnskóla.
  - Efling á vali foreldra um hvar börn þeirra sækja grunnskóla og gera þeim aðilum sem þess óska og standast kröfur um námsskipulag og rekstur skóla, kleift að stofna sjálfstæða skóla sem foreldrar geta valið
- um fyrir börn sín, óháð búsetu og efnahag. Fjármagn fylgi hverjum nemanda frá lögheimilissveitarfélagi og skal skólunum gert að taka við öllum nemendum sem þess óska á meðan húsrúm leyfir. Sjálfstæðir skólar skulu ekki innheimta skólagjöld af foreldrum.
  - Auknar rannsóknir á grunnskólastiginu varðandi líðan nemenda og námsárangur og jafnframt faglegar rannsóknir.
  - Bætt starfsfræðsla í efstu bekkjum grunnskóla og efling tengsla atvinnulífs og skóla þannig að samstarf verði milli aðila um útfærslu fræðslunnar.
  - Auka námsráðgjöf í grunnskólum til að sporna gegn brottfalli nemenda úr framhaldsskólum.
  - Stórauka fjármagn til markvissrar forvarnarvinnu í grunnskólum í samvinnu við aðrar stofnanir sem hafa með málefni barna og unglunga að gera.
  - Efla félagsfærni nemenda í grunnskólum m.a. með því að efla íþrótt- og tómstundastarf í skólum.
  - Auka fræðslu í grunnskólum um aðra menningarheima og trúarbrögð til að sporna gegn fordómum.





# Menntun

- Bæta kennslu nýbúa í íslenskum grunnskólum.
- Efla verk- og listgreinakennslu í grunnskólum.
- Að starfstími og skipulag grunnskólans verði í betri tengslum við atvinnulífið.
- Sérstök áhersla verði lögð á kennslu í heimspeki, siðfræði og tjáningu í grunnskólunum.
- Þjónusta við nemendur í grunnskólunum verði gjaldfrí s.s. heitur matur í hádeginu, tómsundur á vegum skólans og gæsla eftir skóla. Foreldrum verði boðið upp á gjaldfría gæslu fyrir börn sín á starfsdögum kennara.
- Frjálsslyndi flokkurinn vill að tónlistarkennsla standi öllum nemendum til boða innan veggja grunnskólans á grunnskólatíma.
- Bætt iðn-, tækni- og verkmenntun í framhaldsskólum.
- Styrkja faglegt- og fjárhagslegt sjálfstæði framhaldsskóla.
- Efling fjarnáms á framhaldsskólastigi sem er m.a. mjög mikilvægt fyrir fólk á landsbyggðinni þar sem ekki hafa allir sama aðgang að framhaldsskóla í sinni heimabyggð. Aðgangur fólks að fjarnámi getur skipt sköpum fyrir fólk sem einhverra hluta vegna getur ekki sótt nám inn í skólastofnanir, hefur þurft að hverfa frá námi eða vill stunda nám með vinnu.
- Efla náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum til að sporna gegn brottfalli nemenda.
- Bæta eftirfylgni með brottfallsnemendum.
- Auka víðtækt samstarf milli skóla og atvinnulífs.
- Brýnt er að auka fjölbreytni í framhaldsnámi og efla styttri starfsmenntabrautir fyrir nemendur sem ekki hyggja á langt framhaldsnám.
- Styrkja námsbrautir fyrir fatlaða innan framhaldsskólakerfisins.
- Auka fræðslu um aðra menningarheima og trúarbrögð til að sporna gegn fordómum.

## FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ

- Skólagjöld verði ekki tekin upp í framhaldsskólum.
- Efling framhaldsskóla landsins með auknum fjárframlögum svo þeir geti staðið undir auknum faglegum kröfum og tekið á móti öllum nemendum sem þess óska.



- Einnig efla námsframboð innan framhaldsskóla fyrir nýbúa.
- Kennsla í lífsleikni verði eflað til að búa nemendur undir að takast á við lífið í kröfuhörðum heimi.

## HÁSKÓLASTIGIÐ

- Áhersla lögð á að skólagjöld verði ekki tekin upp í ríkisreknum háskólum.
- Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur markaðslausnum í rekstri menntastofnana á háskólastigi þó með þeim formerkjum að tryggt sé að sú menntun sem boðið er upp á í einkareknum skólum standist þær kröfur sem almennt eru gerðar til þess skólastigs.
- Aukin fjárframlög til háskólasamfélagsins í samræmi við önnur Norðurlönd.
- Efling náms í táknmálsfræði og kennslu í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands.

## LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

- Öll gjaldtaka skóla verði lánshæf.
- Frítekjumarkið verði hækkað.
- Grunnframfærslan endurspegli raunhæfa framfærslu námsmanns, enda

er háskólanám full vinna og ekki hægt að gera kröfu um að nemendur þurfi að vinna með námi.

- Settar verði samræmdar reglur um styrki í sérhæft nám erlendis sem ekki er kennt hér á landi.
- Tryggt sé að námslán til stúdenta erlendis taki mið af framfærslu í hverju ríki fyrir sig og sé ekki háð gengissveiflum.
- Námslán fylgi launaþróun.
- Ábyrgðarmannakerfið verði fellt niður.

## TÓNLISTARSKÓLAR

- Lengra komnir nemendur í tónlist fái námið að fullu metið til eininga til stúdentsprófs.
- Ríkissjóður kosti tónlistarnám nemenda á framhaldsstigi í tónlistarskólum, á sama hátt og annað nám sem stundað er í framhaldsskólum landsins.
- Fjármunir þeir sem sveitarfélög verja til niðurgreiðslna á tónlistarnámi barna og unglinga gagnist öllum jafnt og engum sé mismunað.
- Menntamálaráðuneytið geri námskrá fyrir kennaramenntun í tónlist og setji reglur um réttindi og skyldur tónlistarkennara.



- Leitað leiða til að efla tengsl atvinnulífs og skóla
- Efla skólaakstur á landsbyggðinni
- Efla verk- og listgreinakenndu í grunnskólum
- Styrkja námsbrautir fyrir fatlaða innan framhaldsskólakerfisins
- Skólagjöld verði ekki tekin upp í ríkisreknum háskólum

# Sjávarútvegsmál

## HÖFNUM NÚVERANDI KVÓTAKERFI

Frjálslyndi flokkurinn hafnar með öllu núverandi útfærslu kvótakerfisins vegna þess að það veldur:

- ✘ Hruni byggða og fækkun íbúa
- ✘ Minni atvinnu með sölu og tilfærslu kvótans
- ✘ Árangursleysi við uppbyggingu á stofnum botnfiska
- ✘ Soun á verðmætum með rangri nýtingu fiskimiðanna


### Ástæður fyrir svo afgerandi afstöðu Frjálslynda flokksins gegn núverandi kvótakerfi eru eftirfarandi:

Við sölu kvótans og þar með veiðiréttarins úr byggð tapar fólkið atvinnu sinni en útgerðarmaðurinn (hluthafinn) fær oft fúlgur fjár. Mismunun þeirra sem áður áttu sameiginlega atvinnuhagsmuni í sjósóknar- og veiðirétti sjávarbyggðanna er alger. Þeir sem hafa fengið eignarréttinn á óveiddum fiski í sjónum frá stjórnvöldum eiga tryggja framtíð en fólkið missir atvinnu sína og eignir þess verða verðlitlar eða verðlausar.

Enginn vafi leikur á að rétturinn til að sækja verðmæti í hina takmörkuðu endurnýjanlegu auðlind sem fiskimiðin eru allt umhverfis landið, er sjálf undirstaða búsetu meðfram ströndum Íslands. Með sölu á veiðiréttinum, oftast en ekki til stórfyrirtækja sem sölsa undir sig stöðugt stærri hlut af heildarveiðinni, veikjast sjávarbyggðirnar. Íbúum þeirra fækkar, þjónustan hverfur og byggðir riða til falls þar sem undirstaðan hefur verið tekin frá þeim. Brask með veiði- og atvinnurétt veldur byggðaröskun sem verðfellir byggðir og landið. Hvers virði er land sem endar sem eyðibýggð?

Brottkast afla á sjó og þar af leiðandi rangar veiðiskýrslur eru innbyggð í kvótakerfi með sölu á óveiddum fiski.

Samfara þessu er mikil soun verðmæta með rangri nýtingu fiskimiðanna og lélegum afrakstri fiskistofna. Með ofuráherslu á veiðar á stórfiski ræktar kvótakerfið niður afköst og vöxt þorsfiskistofna. Afleiðingar kvótastýrðra fiskveiða í nýtingu botnfiskistofna í Norður-Atlantshafi eru víti til varnaðar. Er þar nóg að líta til þorsksins. Nýfundnalandsporskurinn hrundi í kvótakerfi; Norðursjáv-



# Sjávarútvegsmál

arþorskurinn og þorskur í Eystrasalti virðast í mjög bágu ástandi þrátt fyrir áralanga kvótastýringu við veiðarnar. Við Ísland eru þorskstofnar við sögulegt lágmark þó veiðum hafi verið stjórnað með kvótum í mörg ár. Á sama tíma verðum við vitni að mjög athyglisverðum árangri Færeyinga í fiskveiðistjórnun og þar er ekkert brottkast. Sátt er um kerfið meðal Færeyinga, á meðan Ísland hefur um árabíl logað í hatrömmum pólitískum deilum vegna kvótakerfisins. Kvótakerfið sem átti að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og tryggja uppbyggingu botnfiskstofnanna, hefur algerlega brugðist.

## STRANDVEIÐIFLOTANN Í SÓKNARKERFI

Taka á upp sóknarstýringu sem fyrst á smæstu skipunum sem veiða með kyrrstæðum veiðarfærum (handfærum, línu og netum). Með hugtakinu sóknarstýring er hér átt við að hverju skipi í ákveðnum skipaflokki sem skilgreindur yrði eftir skipastærð og tegundum veiðarfæra, verði úthlutað ákveðnum fjölda veiðidaga á ákveðnum svæðum innan íslensku lögsögunnar.

Tekið verði mið af þeim sóknarstýringaleiðum sem Færeyingar hafa valið að þróa á sínum heimamíðum.

### Helstu rök:

Reynsla okkar Íslendinga sýnir að veiðum strandveiðiflotans verður illa stjórnað í kvótakerfi.

Ýmis vandræði koma upp þar sem mikill fjöldi báta veiðir tiltölulega litla kvóta. Kvótakerfi þar sem úthlutað er ákveðnum kílóafjölda af fiski á hvern bát, leiðir til þess að menn freistast til að velja úr aflanum en henda öðru í hafið. Mikil verðmæti fara í súginn við brottkastið. Það getur leitt til þess að fiskifræðingar vanmeta mjög veiðialagið á hverjum tíma og öll veiðistjórnun lendir á villigötum. Reynslan sýnir einnig að kvótaverð, einkum og sér í lagi okurverð á leigukvótum, stuðlar að auknu brottkasti. Veiðarnar eru oft með ofuráherslu á stærsta fiskinn, þar sem hæst verð er greitt fyrir hann.

Óvissa og óöryggi er mikið í kerfi kvótabraskisins. Hvenær sem verða vill getur útgerðin selt eða leigt frá sér veiðiréttinn. Þar með fylgir einnig atvinnuréttur viðkomandi byggðar. Undirstöður hennar veikjast, án þess að fólkið sjálft fái nokkru ráðið.



- Færa sjósóknarréttinn aftur til byggðanna
- Handfæraveiðar yrðu gefnar frjálssar
- Fjárhagslegur aðskilnaður milli reksturs útgerðar og fiskvinnslu í landi



# Sjávarútvegsmál

Nýjasta dæmi um þetta er kvótasetning smábátanna. Þar var með vilja og vitund stjórnarþingmanna vegið harkalega að rétti fólks í sjávarbyggðunum umhverfis landið. Frjálslyndi flokkurinn telur að strax eigi að aflétta með öllu kvótasetningu á ýsu, steinbít og ufsa. Afnema á kvóta á öllum tegundum í smábátakerfinu, nema þorski. Með þessum aðgerðum verði þegar í stað horfið frá kvótasetningum, áður en flotinn verður síðan færður í hreint sóknarstýringarkerfi. Eigendum smábáta sem hafa á undanförunum árum keypt varanlega kvóta í hinum ýmsu tegundum verði boðið sérstakt skattafrádrag yfir ákveðið árabíl vegna tapaðra fjárfestinga. Svipaðar aðgerðir verði viðhafðar þegar aðrir hlutar flotans verða færðir úr kvótastýrðu í sóknarstýrt fiskveiðistjórnunarkerfi.

Vandamálin við breytingar úr kvótakerfi í sóknarstýrt kerfi eru miklu minni en margir halda fram. Útgerðir og áhafnir skipa í sóknarstýrðu kerfi myndu losna við arðrán kvótaleigunnar. Allur fiskur sem veiddist yrði heill og óskiptur eign þeirra sem sæktu fiskinn, það er útgerða og sjómanna.

Frjálslyndi flokkurinn ætlar að afnema leiguforréttindi kvótaeigenda og færa sjósóknarréttinn aftur til byggðanna. Í sóknarkerfi strandveiðiflotans munu útgerðirnar leita til þeirra byggða sem liggja hagkvæmast og best til útróðra að miðunum umhverfis landið. Sjósóknarrétturinn er fólkinu og byggðunum dýrmætur og nauðsynlegur sem undirstaða atvinnulífs og mannlífs.

## AÐGREINA FLOTANN Í FJÓRA ÚTGERÐARFLOKKA

Þetta verði gert til að ná fram markvissum vinnubrögðum við að hverfa frá núverandi kvótakerfi.

Slík aðgreining mun gera það kleift að færa flotann yfir í sóknarstýringu í áföngum, þar sem byrjað yrði á útgerðarflokk minnstu bátanna.

Til að vinna sem markvissast að markmiðum Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsmálum er nauðsynlegt að skipta fiskveiðiflotanum upp í fjóra aðgreinda útgerðarflokka. Þessir flokkar verði skilgreindir þannig að í hverjum þeirra rúmist skip sem hafi nokkurn veginn sambærilega möguleika til fiskveiða. Í hverjum skipaflokki má síðan búa til ákveðna undirflokka, svo sem handfærabáta, netabáta og línubáta.



# Sjávarútvegsmál

## Fyrsti flokkur:

Þetta yrðu trillur sem stunda veiðar með handfærum og línu. Í þessum flokki verði strax aftur snúið til eldra kerfis þar sem þessir bátar höfðu ákveðna þorsk- kvóta en gátu veitt frítt ýsu, ufsa og steinbít sem meðafla. Við afnám svokallaðs þorskaflahámarks árið 2002 voru þessar tegundir settar í kvóta. Þessi kvótasetning var með öllu óþörf og hefur haft mjög neikvæð áhrif á strandbyggðirnar. Hún hefur beinlínis unnið gegn markmiðum núgildandi fiskveiðistjórnunarлага sem eru að byggja upp atvinnu og treysta byggð í landinu.

Næsti áfangi yrði að aflaheimildum í þorski yrði skilað inn og í staðinn fengju bátar úthlutað sóknardögum, auk þess sem skýrar reglur giltu um veiðarfæranotkun og annan búnað bátanna. Þannig yrði þessi floti á nokkrum misserum færður alfarið yfir í sóknarstýrt kerfi.

## Annar flokkur:

Þetta yrði strandveiðiflotinn utan þeir bátar sem færu í fyrsta flokk. Hér yrði skipum raðað eftir veiðiaðferðum og stærðum fiskiskipa í brúttó-tonnum. Minnstu bátum strandveiðiflotans yrði gefið eins mikið frelsi til veiða með kyrrstæðum veiðarfærum og framast yrði unnt. Handfæraveiðar yrðu gefnar frjálssar fyrir alla íslenska ríkisborgara að því tilskildu að ekki fleiri en tvær rúllur yrðu á hvern mann, að þeir sem vilja stunda slíkar veiðar hafi farið á viðurkennt öryggis- og siglinganámskeið, og ráði yfir bát með haffærnissskírteini.

Í þessum flokki yrði fjöldi báta annars takmarkaður með veiðileyfum og síðan yrði úthlutað sóknardögum á hvern bát í hinum ýmsu flokkum. Útgerðum sem eiga báta með kvótum í dag yrði gert kleift að skila þessum kvótum í áföngum og fá daga í staðinn, ellegar skila kvótunum alfarið inn og fá þá úthlutað veiðidögum í stað þeirra. Allur fiskur sem veiddur yrði af strandveiðiflotanum færi til sölu á fiskmörkuðum. Ákveðið hóflegt gjald yrði tekið af hverju kílóí landaðs afla. Slíkt aflagjald myndi renna til útgerðarstaðanna til eflingar landsbyggðar á nýjan leik.

## Þriðji flokkur:

Innan þessa flokks verða togveiðiskip, og tæknivædd línuveiðiskip (beitningavéla- skip sem landa ísvörðum fiski til landvinnslu). Hér mætti hugsa sér að þessi skip yrðu á ákveðnum svæðum innan lögsögunnar og í ákveðinni fjarlægð frá landi, eða veiddu undir ákveðnu botndýpi. Þessi skip yrðu á sóknardögum eins og skip í flokki tvö. Fjöldi þessara skipa yrði takmarkaður með veiðileyfum og þau ættu



# Sjávarútvegsmál

ekki að verða fleiri en þau eru í dag. Undantekningu á þessu má þó hugsa sér hvað varðar fjölgun línuveiðiskipa og þá á kostnað togveiðiskipa.

## Fjórdi flokkur:

Frystitogarar og nóta- og flotvörpuveiðiskip. Þessi skip stunda oft veiðar utan 200 sjómílna lögsögunnar þar sem veitt er úr sameiginlegum stofnum þjóða við norðaustanvert Norður-Atlantshaf. Þau veiða ýmsar bolfisktegundir svo sem grálúðu og úthafskarfa og uppsjávarfiska á borð við síld, loðnu og kolmunna. Alþjóðlegir samningar um veiðar úr þessum stofnum ganga yfirleitt út á að um kvótastýringu sé að ræða við veiðarnar. Einnig má nefna að margt bendir til að mögulegt sé að stjórna veiðum þar sem svo til eingöngu er verið að veiða eina tegund á hverjum tíma, með kvótum. Að minnsta kosti hefur kvótastýrð fiskveiðistjórnun oftast en ekki skilað þokkalegum árangri í uppsjávarveiðum og flestar þjóðir við Atlantshaf nota kvóta við uppsjávarveiðar.

Í þessum flotaflakki yrði tilhögun mála enn um sinn með svipuðum hætti og tíðkast í dag. Það er veiðistjórnun byggð á framseljanlegum aflakvótum. Fyrsta lagabreyting til viðbótar við röðun í útgerðarflokka er að festa niður það aflamagn sem flokkur stærstu skipanna hefur nú innan íslenskrar lögsögu og stöðva frekari tilflutning á aflakvótum til þeirra frá öðrum skipum í fiskveiðiflotanum.

## FJÁRHAGSLEGUR AÐSKILNAÐUR VEIÐA OG VINNSLU

Frjálslyndi flokkurinn vill fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Þannig verði sköpuð skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðlað að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum. Með þessu verði komið á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á þessu sviði.

## HVALVEIÐAR

Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur hvalveiðum. Íslendingar komust frá fátækt til nútíma lífskjara með auknum fisk- og hvalveiðum á síðustu öld. Nýting á lífríki hafsins krefst þess að jafnvægi sé viðhaldið og að hvorki veiðar manna né friðun hvala og sela valdi rányrkju eða ofvexti stofna á fiskimiðum landsins. Okkur ber að stunda hvalveiðar á ört stækkandi stofnum og hafa þannig jákvæð áhrif á heildar afla og aukinn afrakstur fiskimiða en líta jafnframt með varúð aukna veiðisókn sístækkandi og aflmeiri togveiðiskipa.



# Samgöngur og kjördæmi

## SAMGÖNGUR

Frjálslyndi flokkurinn vill að í samgöngumálum verði sérstaklega horft til þess að bæta umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Einbreiðar brýr verði aflagðar og markvisst fækkað öðrum slysgildrum og mjóum vegum.

Meginmarkmið með nýjum vegum verði að stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða og landsvæða með varanlegum framtíðarlausnum svo sem jarðgöngum, þverun fjarða og þar með fullgerðri Sundabraut.

Sjó-, land- og loftflutningum verði gert jafnhátt undir höfði í skattalegu tilliti.

Hertar verði reglur um flutninga og meðferð á eldfimum og mengandi efnum.

Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar sem innanlands- og sjúkraflugvallar auk þess að vera mikilvægur varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Einnig ber að efla Keflavíkurflugvöll sem millilandaflugvöll til framtíðar.

## KJÖRDÆMASKIPAN

Frjálslyndi flokkurinn telur að núverandi kjördæmaskipan með mjög stór landsbyggðarkjördæmi og tvískipta höfuðborg, sé afleit skipan mála og leggur til að landið verði gert að einu kjördæmi og deilum um vægi atkvæða linni.





# Stjórnsýsla og réttaröryggi

Einfalda skal lagasetningar eftir því sem við verður komið og fjölda laga skal haldið í lágmarki. Lögin eiga að vera skýr, einföld og skiljanleg. Lögin eiga að tryggja réttaröryggi borgaranna og verja þá gegn tilviljanakenndum refsingum.

Styrkja ber réttaröryggi borgaranna gegn löggjafarvaldinu og hinu opinbera eftir því sem framast er kostur. Allar ákvarðanir í þjóðfélaginu ber að taka eins nálægt þeim er þær varða og mögulegt er. Því skal leitað leiða til að flytja vald frá ríki og stofnunum heim í sveitarfélög eins og framast er kostur og tryggja sveitarfélögum tekjur vegna nýrra verkefna og ábyrgðar.

## OPNARI OG EINFALDARI STJÓRNSÝSLA

Frjálslyndi flokkurinn berst fyrir opnari og einfaldari stjórnsýslu. Margar veigamiklar ákvarðanir stjórnvalda hafa verið teknar án nægjanlegs samráðs við þegnana. Þegnar landsins eiga að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um ákvarðanaferli innan opinberra stofnana. Einfalda ber eftir megni opinbert skriffræði, lög og reglugerðir. Tryggja skal sem jafnastan aðgang þegnanna að opinberum þjónustustofnunum, til dæmis með þjónustumiðstöðvum á landsbyggðinni.

## PERSÓNUVERND

Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á persónuvernd. Þegnar eiga að hafa fullan aðgang að upplýsingum sem aðrir kunna að hafa yfir að ráða um þá sjálfa, sem stjórnvöld heimila að skrá á hverjum tíma. Flokkurinn hafnar því að fólk sé flokkað til dæmis út frá útliti, erfðum, sjúkdómum, trú, aldri eða litarhætti. Halda skal í algeru lágmarki allri opinberri skráningu varðandi einstaklinga og eftirliti með þeim. Hagsmunir stjórnsýslunnar mega aldrei hafa forgang framyfir frelsi og réttindi þegnanna.

## RÉTTUR EINSTAKLINGSINS TIL FRELSIS

Fólk hefur rétt til að lifa sínu lífi án afskipta annarra, að því tilskildu að lífsmáti þess skerði ekki rétt annarra, eða brjóti gegn lögum og reglum þjóðarinnar.

Ávallt ber að standa af árvekni vörð um ákvæði stjórnarskrárinnar er varða réttindi einstaklinganna. Ríka áherslu ber að leggja á virðingu fyrir sjálfstæðum rétti einstaklingsins. Sömu réttindi skulu gilda fyrir alla, óháð stjórnmálaskoðunum, trú, litarhætti, kynferði eða kynhneigð.



# Stjórnsýsla og réttaröryggi

## FORVARNARGILDI LÖGGÆSLU

Lögreglan á að vera sýnileg í þjóðfélaginu. Það hefur forvarnargildi og eykur líkur á því að afbrot verði upplýst.

Auka ber fjárframlög til að berjast gegn sölu og dreifingu fíkniefna.

Grípa verður til aðgerða gegn ofbeldi í þjóðfélaginu, bæði með aukinni löggæslu og forvarnarstarfi. Allar manneskjur eiga rétt á að lifa sínu lífi án ótta við að verða fyrir ofbeldi. Lögreglan verður að fá fjármagn til að rannsaka afbrot.

## BARÁTTA GEGN FÍKNIEFNUM

Frjálslyndi flokkurinn vill efla forvarnarstarf í baráttunni gegn fíkniefnum með stórauðslu fræðslu um skaðsemi þeirra og markvissu samstarfi heimila, skóla, löggæslu og félagasamtaka.

Frjálslyndi flokkurinn er á móti lögleiðingu kannabisefna og annarra ólöglegra vímuefna.

Frjálslyndi flokkurinn telur æskilegt að breyta dómum vegna vægra afbrota sem tengjast neyslu kannabisefna í betrunardóma í stað refsingar. Kannabisefni teljast ekki til harðra eiturfylla og þeir sem þeirra neyta eru sjaldnast harðsvíraðir glæpamenn.

Auðvelda þarf aðstandendum aðgengi að úrræðum í heilbrigðis- og félagslega kerfinu.

Íslenskir lögreglumenn eiga að vera óvopnaðir í almennri þjónustu. Dómskerfinu ber að skapa skilyrði svo dómstólar séu skilvirkir og mál ekki of lengi að velkjast um í kerfinu.

Tryggja á góðan aðbúnað fanga og veita þeim menntun og atvinnu meðan á fangavist stendur. Refsingar eiga að miða að því að koma í veg fyrir að afbrot eigi sér stað á nýjan leik, og að árangurinn verði betrun þeirra sem afplánun ljúka og frjálsir verða. Fangar eiga að njóta mannréttinda, en það þarf líka að gæta réttar þolenda.



- Opnari og einfaldari stjórnsýsla
- Áhersla á betrun umfram refsingar
- Styttu vegalengdir milli þéttbýlisstaða og landsvæða
- Rík áhersla lögð á persónuvernd

# Umhverfismál

## ÓBYGGÐIR

Óbyggðir Íslands, þar með talið miðhálandið, eru sameign íslensku þjóðarinnar. Virðing fyrir þeirri eign er grundvöllur umhverfisstefnu Frjálslynda flokksins

Viðhorf þjóðarinnar til óbyggðanna hafa breyst mjög á liðnum árum. Það sem áður var álitnið ónýtanlegt land og óarðbært er nú talið til helstu eigna þjóðarinnar.

### **Framkvæmdir á hálandinu**

Framkvæmdum á hálandinu ber að halda í lágmarki, því öll röskun dregur úr gildi þess. Vanhugsaðar framkvæmdir nú geta reynst óbætanlegur skaði síðar. Leggja ber aukna áherslu á virkjun háhitasvæða í framtíðinni.

### **Friðlýsa skal fleiri svæði og stærri á hálandinu**

Ástæða er til að móta hugmyndir um friðlýsingu fleiri og stærri náttúruverndar- og útivistarsvæða á hálandinu. Íslendingar gætu eignast stærsta friðlýsta þjóðgarð Evrópu með slíkri friðun.

### **Endurskoða skal áætlanir og hugmyndir um virkjanir fallvatna**

Endurskoða þarf hugmyndir um virkjanir fallvatna í samræmi við breytt sjónarmið í umhverfismálum. Ekki er lengur sjálfgefið að raforkuframleiðsla með slíkum virkjunum sé hagkvæmasti kosturinn, til lengri tíma lítið, enda mælir þjóðin hagkvæmni slíkra framkvæmda ekki lengur í krónum einum. Náttúran verður að fá að njóta vafans.

### **Virkjanaleyfi skulu háð umhverfismati**

Gerir áætlanir um vatnsaflsvirkjanir ráð fyrir að stór landsvæði fari undir uppistöðulón, fossar hverfi o.s.frv. skal ekki veita leyfi fyrir framkvæmdum nema að undangengnu lögformlegu umhverfismati.

### **Sjónarmið umhverfisverndar höfð að leiðarljósi**

Sjónarmið umhverfisverndar skulu höfð að leiðarljósi við uppbyggingu atvinnuvega sem tengjast nýtingu óbyggðanna. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein sem sækir sífellt meira í ósnortna náttúru landsins.



# Umhverfismál

## VISTVÆN UMHVERFISSTEFNA

### Móta þarf stefnu um umhverfisvernd í þéttbýli

Taka þarf á sörpmálum, útblæstri og hávaðamengun. Flokkurinn leggur áherslu á að umbuna fólki fyrir það sem það leggur af mörkum og gera því auðvelt fyrir að breyta í samræmi við nýtt hugarfar umhverfisverndar.

## HAFIÐ

### Fátt er Íslendingum mikilvægara í umhverfismálum en verndun hafsins

Umngengi um hafsvæði hefur breyst til batnaðar á liðnum árum, en brottkast afla í hafið felur í sér umhverfisspjöll og öllum mislíkar slík umgengni við fiskistofna. Einnig er nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir á hafsbotni og botngróðri af völdum veiðarfæra og vísast þar til stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum sem felur í sér stuðning við vistvænar veiðar. Þá er nauðsynlegt að fylgst verði grannt með förgun spilliefna í skipum bæði hér við land og á alþjóðavettvangi.

Flokkurinn mótmælir kjarnorkuendurvinnslustöðvum vegna mengunaráhrifa þeirra í heimshöfum.

Breyting veðurkerfa, hafstrauma og sjávarhita við landið og ísbráðnun á Norðurhvelinu eru allt hættumerki vegna breytinga á veðurkerfum veraldar.

## LOFTHJÚPURINN

### Ísland verði öðrum þjóðum gott fordæmi

Í kjölfar breyttra viðhorfa þjóðarinnar til umhverfisverndar fylgir samstarf hennar við aðrar þjóðir, sem bera hag náttúru jarðar og mannkyns fyrir brjósti. Liðin er sú tíð að þjóðin einblíni á stóriðju, hvað sem það kostar. Íslensk stjórnvöld virði alþjóðasamninga um varnir gegn loftmengun. Í umhverfismálum eru Íslendingar hluti af heiminum öllum.

### Ísland styðji eindregið aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum

Engin ástæða er til að íslensk stjórnvöld veigri sér við að gangast undir sömu skilyrði og aðrar þjóðir hvað varðar aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum.





# Umhverfismál

## LANDVERND

### Frjálslyndi flokkurinn vill hafa sjálfbæra landnýtingu, landvernd og landgræðslu að leiðarljósi

Sjálfbær landnýting felur það í sér að við nýtum landið þannig að það mæti þörfum okkar, án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum í framtíðinni. Íslendingar eiga enn langt í land hvað varðar sjálfbæra landnýtingu og það er sérlega mikilvægt að tryggja sjálfbæra nýtingu afrétta.

Landeyðing er eitt mesta umhverfsvandamál okkar í dag. Mikilsverður árangur hefur náðst í landgræðslu, en betur má ef duga skal.

Leggja ber áherslu á verndun birkiskóga landsins. Taka ber sérstakt tillit til birki-skóga varðandi beitarálag, því 60% birkiskóga í landinu eru beittir, en þeir þekja nú einungis um 1% landsins.

Menningarlandslag nær til þeirra svæða sem bera með sérstökum hætti vott um athafnir mannsins á ýmsum tímabilum við mismunandi aðstæður. Menningarlandslag hefur því menningarsögulegt gildi, í því felst sögulegt umhverfi okkar og ber okkur því að gera áætlanir varðandi verndun þess.

## FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og hefur ferðamönnum fjölgað um tugi þúsunda árlega síðastliðin ár. Ásókn í ósnortna náttúru eykst stöðugt og sífellt fleiri ferðamenn hafa efni á ferðum til framandi staða. Mikilvægt er að varðveita óspillta náttúru landsins því náttúran er fjöregg íslenskrar ferðaþjónustu.

Frjálslyndi flokkurinn vill efla ferðaþjónustu með verndun og varðveislu menningarminja. Vinna þarf að ferðamannaleiðum, vegagerð, bryggjugerð, stígagerð og fleiru sem lítil fyrirtæki í ferðaþjónustu geta ekki sinnt. Auk þess þarf að styðja sérstaklega við ferðaþjónustufyrirtæki vegna þess að stuttur ferðamannatími hér á landi skapar erfið rekstrarskilyrði. Mikil nauðsyn er á að dreifa auknum fjölda ferðamanna sem víðast um landið.

Gefa þarf ferðamönnum kost á auknum ferðum í náttúruskoðun við strendur Íslands og lífríki sjávarspendýra, sjófugla, fiska og annarra lífvera á grunnsvæðinu.

- Óbyggðir Íslands eru sameign íslensku þjóðarinnar
- Ráðstöfunarréttur óbyggðanna verði ekki tekinn af þjóðinni
- Stærri náttúruverndar- og útivistarsvæði
- Sjálfbær landnýting



# Utanríkismál

Stjórnvöld taki ekki afdrifaríkar ákvarðanir í utanríkismálum framhjá þjóðþingi og þjóðinni sjálfri. Virða ber þingræðið í öllum meiriháttar ákvörðunum varðandi utanríkismál, enda kveðið á um það í stjórnarskrá.

Frjálslyndi flokkurinn telur að endurskoða þurfi utanríkisþjónustuna með tilliti til fækkunar og nútímavæðingar sendiráða. Einnig þarf að endurskoða ráðningar og vinna markvisst að því að lækka þann óheyrilega kostnað sem hefur einkennt rekstur utanríkisþjónustunnar undanfarin ár.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Frjálslyndi flokkurinn vill verja frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með ráðum og dáð. Til að tryggja frelsi og sjálfstæði er mikilvægt að Ísland taki á jafnréttisgrundvelli virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, þar sem Íslendingar leggi sitt af mörkum til að tryggja frelsi og frið, og skapa möguleika fyrir betri lífsskilyrði í heiminum.

Frjálslyndi flokkurinn vill að Ísland taki virkan þátt í aukinni hnattvæðingu með því að vinna með öðrum þjóðum að því að móta alþjóðlegar reglur, varðandi stofnanir og samvinnu. Við viljum berjast gegn einangrun Íslands í samfélagi þjóðanna. Alþjóðlegt samstarf skapar ný tækifæri og möguleika til uppbyggingar heima og heiman.

## ÍSLAND OG EVRÓPA

Ísland tengist Evrópu sífellt meira, ekki síst eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi, og nú með stækkun Evrópusambandsins.

Frjálslyndi flokkurinn hefur allan vara á um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Aðild kemur ekki til greina á meðan reglur sambandsins eru óbreyttar í fiskveiðimálum. Íslendingar eiga að taka þátt í evrópskri samvinnu eftir því sem frekast er unnt. Það er hægt að gera með því að efla samskipti við einstakar þjóðir og með virkri þátttöku í Atlantshafsbandalaginu (NATO), Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE), Evrópska efnahagssvæðinu (EES), Evrópuráðinu, Norðurlandaráði og Vestnorræna ráðinu svo nokkuð sé nefnt.

Ísland leitist við að skapa sér forystuhlutverk í samstarfi smáþjóða.



# Utanríkismál

## ÍSLAND OG NORÐURLÖNDIN

Ísland á sterk menningarleg, tungumálaleg og söguleg tengsl við hin Norðurlöndin. Því ber að efla samvinnu milli landanna á sem flestum sviðum. Frjálsslyndi flokkurinn er sérstaklega hlyntur aukinni samvinnu Noregs, Íslands, Færeyja og Grænlands, ekki síst varðandi sameiginlega nýtingu hafsins, ferðaþjónustu og markaðssetningu hennar.

Frjálsslyndi flokkurinn styður heils hugar baráttu Færeyinga fyrir sjálfstæðu ríki.

## VARNARMÁL

Ísland á að hafa mannréttindi, lýðræði og umhverfiskröfur að leiðarljósi í öllum störfum sínum á alþjóðavettvangi.

Möguleikar til að skapa frið, efnahagslega velferð og byggja upp lýðræðislega stjórnarhætti hafa aldrei verið meiri en nú þegar Evrópuþjóðir leita eftir nánari samvinnu þvert á hið gamla Járntjald kalda stríðsins. Íslandi ber að standa í fremstu röð í baráttu fyrir afvopnun, og vinna að því að heimurinn verði laus við ógn kjarnorkuvopna. Ísland hefur hlutverki að gegna í vestrænu varnarsamstarfi. Varnarsamstarf Íslands innan NATO verður að breytast með tilliti til breytinga í alþjóðastjórnarmálum. Ísland þarf að leggja aukna rækt við tengsl sín við nágrannalönd á Norðurlöndum og í Evrópu með tilliti til varnarmála.



# Utanríkismál

## SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Efla þarf Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) sem ákjósanlegan vettvang til að vinna að ýmsum góðum málum sem varða þjóðir heims. Tryggja þarf að samtökin fái betri skilyrði til að leysa þau verkefni sem þeim eru falin. SÞ eiga að beina kröftum sínum að því að minnka fátækt í heiminum, vinna að umhverfismálum og styrkja mannréttindi, friðarstarf og lýðræðislega þróun. Lönd sem eru meðlimir í SÞ eiga að uppfylla skyldur sínar gagnvart samtökunum og ber að svipta þau atkvæðisrétti sínum innan samtakanna geri þau það ekki.


Sameinuðu þjóðirnar hafa sýnt að samtökin geta gegnt mikilvægu hlutverki við friðargæslu á áttaksvæðum. Friðargæslulið SÞ á einungis að sinna friðar- og hjálparstarfi.

## ÞRÓUNARAÐSTOÐ

Sem ein ríkasta þjóð heims ber Íslendingum skylda til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn fátækt í þróunarlöndunum. Okkur ber að styðja viðleitni til að fella niður skuldir þessara landa, taka þátt í fjárfestingum þar og auka þróunaraðstoð.

Þróunaraðstoð Íslands á fyrst og fremst að snúa að aðgerðum til að bæta menntun, heilbrigði, stjórnsýslu, viðskiptafrelsi, atvinnustarfsemi og mengunarvarnir í þróunarlöndunum.

Íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja að þróunaraðstoð Íslands skili sér þangað sem henni er ætlað, það er til almennra borgara í þróunarlöndunum.



- Verja frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar
- Aukin hnattvæðing
- Skapa sér forystuhlutverk í samstarfi smáþjóða
- Íslendingum ber skylda til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn fátækt í þróunarlöndunum



# Velferð og mannréttindi

## MANNRÉTTINDI

Allir skulu njóta fullra mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, aldurs, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti. Baráttan fyrir mannréttindum og lýðræðisþróun verður að vera í fyrirrúmi í störfum Íslands á alþjóðavettvangi. Þannig er hægt að vinna að því að tryggja einstaklingum frelsi og virðingu.

Samkynhneigðir njóti fullra mannréttinda og jafnréttis í íslensku samfélagi.

## BÖRN OG RÉTTINDI ÞEIRRA

Frjálslyndi flokkurinn vill styrkja stöðu barna í íslensku þjóðfélagi.

Tryggja verður að börn séu ekki fórnarlömb sálræns og/eða líkamlegs ofbeldis.

Mikilvægt er að barnaverndaryfirvöldum séu búin góð starfsskilyrði.

Börn eiga skýlausan rétt á umgengni við báða foreldra. Tryggja þarf börnum foreldra sem sagt hafa skilið við hvort annað, sem jafnastan og öruggan aðgang að báðum foreldrum. Meðlög mega ekki koma í veg fyrir að foreldrar hafi efni á því að umgangast börn sín. Setja þarf reglur um að báðir foreldrar taki þátt í ferðakostnaði barna vegna umgengnisréttar foreldra.

Frjálslyndi flokkurinn styður hugmyndir um að hið opinbera styrki fjárhagslega foreldra sem eru að ættleiða börn frá fjarlægum löndum. Flokkurinn er á mótí auglýsingum sem beint er að börnum.

## ELDRA FÓLK

Eldra fólk lætur í vaxandi mæli að sér kveða varðandi hagsmunamál sín og Frjálslyndi flokkurinn telur afar mikilvægt að eldra fólk komi að ákvörðunum sem varða eigin hag. Aldurssamsetning þjóðarinnar hefur breyst og meðalaldur hækkað og öldruðum fjölgar hlutfallslega hraðar en þjóðinni í heild. Við þessari þróun verða stjórnvöld að bregðast.



# Velferð og mannréttindi

## Val um búsetu

Frjálslyndi flokkurinn telur mikilvægt að eldra fólk eigi kost á fjölbreyttum möguleikum varðandi búsetu í samræmi við óskir og þarfir eldri borgara, s.s. sambýli, þjónustubúðir, leiguíbúðir o.fl. Mikilvægt er að aldraðir geti valið um stuðning í heimahúsum eða dvöl í vernduðu umhverfi og að öryggi og sjálfræði aldraðra í sjálfstæðri búsetu verði tryggt.

Lögð er áhersla á eflingu heimaþjónustu fyrir aldraða og uppbyggingu heima-hjúkrunar og dvalarheimila.

## Sveigjanleg starfslok

Frjálslyndi flokkurinn telur æskilegt að koma á sveigjanlegri starfslokum og að lögð sé áhersla á að búa fólk undir starfslokun og þær sviptingar í lífi fólks sem þeim geta fylgt.

## Kjör aldraðra

Hækka þarf grunnlífeyri og afnema skerðingu. Bætur almannatrygginga fylgi almennri launavísitölu og nægi til framfærslu.


Skerðing tryggingagreiðslna verði lækkuð og afnumin með öllu á tekjur og lífeyrisgreiðslur undir 50 þúsund krónum á mánuði.

Lífeyrissjóðstekjur séu skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Afsláttur af fasteignagjöldum aukist með lækkandi tekjum.

Marka þarf heildarstefnu í málum aldraðra og endurskoða málefni þeirra þar sem skyldur og ábyrgð opinberra aðila verði skilgreind.

Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á mannréttindi eldra fólks. Málefni þeirra varða fólk á öllum aldri.

- 
- Styrkja stöðu barna í íslensku þjóðfélagi
  - Lækka þarf húsnæðiskostnað öryrkja og fatlaðra
  - Afnema tekjutengingu barnabóta
  - Samkynhneigðir njóti fullra mannréttinda og jafnréttis

# Velferð og mannréttindi

## FÉLAGSMÁL

Húsaleigubætur verði skattfrjálsar, enda hefur skattur af þeim þegar verið greiddur.

Félagsþjónusta sveitarfélaga verði eflað og eftirlit tryggt með því að þau sinni skyldum sínum við skjólstæðinga sína. Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á félagslegt öryggi og velferð allra landsmanna með sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins yfir eigin lífi í huga.

Viðmiðun tekjumarka vegna félagslegrar aðstoðar verði endurskoðuð.

Þjónusta við nýbúa verði aukin og þeim þannig auðvelduð þátttaka í samfélaginu.

Fátækt er staðreynd á Íslandi þrátt fyrir umtalað góðæri. Nauðsynlegt er að taka á þessu vandamáli með félagslegum úrræðum, m.a. í húsnaðiskerfinu.

Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins. Tryggja þarf sem best skilyrði fyrir uppeldi barna, þar sem hagsmunir þeirra og ábyrgð foreldra er höfð í fyrirrúmi.

## INNFLYTJENDUR OG FLÓTTAFÓLK

Leggja þarf aukna áherslu á íslenskukunnáttu innflytjenda til að auðvelda þeim þátttöku í íslensku þjóðfélagi. Tryggja ber að þessi hópur njóti félagslegs jafnréttis og geti tekið fullan þátt í samfélaginu, öllum til hagsbóta.

Íslenskt þjóðfélag mun í framtíðinni að hluta til verða myndað af hópum fólks sem á rætur að rekja til ólíkra menningarheima. Frjálslyndi flokkurinn telur að tilkoma fólks af erlendu bergi brotið leiði til vísýni meðal þjóðarinnar og auki samkeppnishæfni hennar á alþjóðavettvangi.

Ísland á ekki að skorast undan ábyrgð í málefnum flóttafólks. Einnig ber Íslendingum að taka þátt í mannúðar- og hjálparstarfi á erlendum vettvangi.



# Velferð og mannréttindi

## MÁLEFNI FATLAÐRA OG ÖRYRKJA

Lífskjör fatlaðra verði bætt, dregið verði úr skerðingu bóta vegna atvinnuþátttöku og lífeyrisgreiðslur skerði ekki örorkubætur.

Afnema skal tekjutengingu við laun maka.

Lækka þarf húsnæðiskostnað öryrkja og fatlaðra.

Öryrkjar eiga rétt á að lifa við sömu reisu og aðrir.

Leggja ber mikla áherslu á að tryggja fötluðum fullan aðgang að þjónustu, vinnu og menntun.

## TÁKNMÁL

Frjálslyndi flokkurinn stefnir að því að viðurkenna íslenska táknmálið. Aðeins með slíkri löggjöf er réttur heyrnarlausra til þátttöku í íslensku samfélagi tryggður. Það eru mannréttindi að heyrnarlausir fái mál sitt viðurkennt.

Frjálslyndi flokkurinn stefnir að því að sett verði á fót sérstök táknmálsdeild við Háskóla Íslands og styður hugmyndir um menningarhús heyrnarlausra.

Frjálslyndi flokkurinn stefnir að því að textun og túlkun á innlendu sjónvarps-efni verði sett í lög. Textun á innlendu sjónvarps-efni er mikið réttlætismál og í dag standa Íslendingar mjög aftarlega í þeim efnum miðað við aðrar þjóðir.





# Velferð og mannréttindi

## JAFN RÉTTUR KARLA OG KVENNA

Jafnrétti kynjanna á að gilda á öllum sviðum. Karlmenn og konur eiga að hafa sömu möguleika til að hafa áhrif á þróun samfélagsins. Jafnrétti á að ríkja í launamálum þannig að fólk með sömu menntun og reynslu njóti sömu launa fyrir sömu störf, óháð kynferði. Hér á hið opinbera að ganga fram með góðu fordæmi. Vinna ber markvisst að því að tryggja að konur hafi jafnan rétt og karlmenn til leiðtogastarfa í þjóðfélaginu.

Markmið Frjálslynda flokksins er að ná jafnri þátttöku kvenna og karla í innra starfi flokksins, ákvarðanatöku og ábyrgð.

## VELFERÐAR- OG SKATTAMÁL

Bætur almannatrygginga fylgi ávallt launavísitölu.

Afnumin verði með öllu tekjutenging barnabóta.

Skattleysismörk verði hækkuð til samræmis við lágmarkslaun með það að markmiði að tekjuskattur verði ekki greiddur af almennum lágmarkslaunum.

Viðurkennt verði með löggjöf að stærstur hluti lífeyristekna eru fjármagnstekjur og þær skattlagðar samkvæmt því. Þetta verði gert í áföngum.

Helmingur meðlagsgreiðslna verði frádráttarbær frá skatti.

